

628. fundur

Miðvikudaginn 28. júní 2017 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Birgitta Kristjánsdóttir ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR
Arnar Freyr Einarsson ANR
Kristín Edda Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Lögð var fram fundargerð 627. fundar og var hún staðfest.
2. Tekin voru fyrir drög að reglugerð um heimild til innflutnings á opnum tollkvótum vegna innflutnings á nautahakkefni:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 og tollalaga nr. 88/2005, sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra. Um er að ræða tillögu um heimild til innflutnings með opnum tollkvótum á nautakjöti:

	Vara	Tímabil	Verðtollur	Magntollur
			%	kr./kg
Tollskrárnúmer:	Nautgripakjöt, fryst :			
	- Beinlaust:			
0202.3009	Annað (hakkefni)	29.06. - 30.09.17	0	270

Rökstuðningur: Nefndinni hafa borist ábendingar þess efnis að vöntun og/eða fyrirsjánleg vöntun sé á nautahakkefni. Með vísan til nefndra ábendinga og þeirra gagna sem aflað hefur verið síðan í samræmi við 3. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreinda tillögu um úthlutun á opnum tollkvótum á nautahakkefni.

3. Tekin voru fyrir drög að reglugerð um heimild til innflutnings á opnum tollkvótum vegna innflutnings á svínasiðum:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 og tollalaga nr. 88/2005, sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra. Um er að ræða tillögu um heimild til innflutnings með opnum tollkvótum á svínasiðum:

	Vara	Tímabil	Verðtollur	Magntollur
			%	kr./kg
Tollskrárnúmer:	Svínakjöt, fryst :			
	-- Annað:			
ex0203.2902	Annað - svínasiður með beini	01.07. - 30.09.17	0	162
ex0203.2909	Annað - svínasiður beinlaust	01.07. - 30.09.17	0	205

Rökstuðningur: Nefndinni hafa borist ábendingar þess efnis að vöntun og/eða fyrirsjánleg vöntun sé á svínasiðum. Með vísan til nefndra ábendinga og þeirra gagna sem aflað hefur verið síðan í samræmi við 3. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreinda tillögu um úthlutun á opnum tollkvótum á svínasiðum.

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

4. Lagt var fyrir nefndina niðurstöður útboðs á WTO tollkvóta vegna innflutnings á nauta-, svína-, kinda-, geita- og alifuglakjöti, unnum kjötvörum, smjöri og ostum og eggjum fyrir tímabilið 1. júlí 2017 til 30. júní 2018.

Samtals bárust fjórtán umsóknir frá aðilum um tollkvótann. Til útboðs kom á tollkvótum á nauta-, svína- og alifuglakjöti, unnum kjötvörum, ostum og eggjum þar sem umsótt magn var meira en það magn sem í boði var.

Samtals bárust þrettán gild tilboð í tollkvótann.

Níu tilboð bárust um innflutning á **nautgripakjöti**, samtals 260.500 kg á meðalverðinu 256 kr./kg. Hæsta boð var 401 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 95.000 kg á meðalverðinu 353 kr./kg.

Sex tilboð bárust um innflutning á **svínakjöti**, samtals 91.000 kg á meðalverðinu 48 kr./kg. Hæsta boð var 101 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá fimm fyrirtækjum um innflutning á 64.000 kg á meðalverðinu 63 kr./kg.

Ein umsókn barst um innflutning á **kinda- eða geitakjöti**, samtals 15.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 345.000 kg.

Sex tilboð bárust um innflutning á kjöti af **alifuglum**, samtals 173.000 kg á meðalverðinu 284 kr./kg. Hæsta boð var 550 kr./kg en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá tveimur fyrirtækjum um innflutning á 59.000 kg á meðalverðinu 398 kr./kg.

Fjórar umsóknir bárust um innflutning **smjöri**, samtals 19.000 kg. Ekki kom til útboðs þar sem umsóknir náðu ekki því magni sem í boði var eða 53.000 kg.

Tíu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á **ostum**, samtals 262.300 kg á meðalverðinu 396 kr./kg. Hæsta boð var 600 kr./kg en lægsta boð var 1 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sjö fyrirtækjum um innflutning á 119.000 kg á meðalverðinu 538 kr./kg.

Þjú tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á **eggjum og afurðum þeirra**, samtals 52.000 kg á meðalverðinu 28 kr./kg. Hæsta boð var 50 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá þremur fyrirtækjum um innflutning á 52.000 kg á meðalverðinu 19 kr./kg. Tollkvóti er 76.000 kg.

Níu tilboð bárust í tollkvóta vegna innflutnings á **unnum kjötvörum**, samtals 162.500 kg. á meðalverðinu 508 kr./kg. Hæsta boð var 751 kr./kg en lægsta boð var 0 kr./kg. Tilboðum var tekið frá sex fyrirtækjum um innflutning á 86.000 kg á meðalverðinu 655 kr./kg.

Að tillögu ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara hefur atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið úthlutað tollkvótum til eftirtalinnna fyrirtækja á grundvelli tilboða og/eða umsókna þeirra:

Nautgripakjöt fyrir tímabilið júlí 2017 - júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
4.500	Ekran ehf
18.500	Innnes ehf
30.000	Garri ehf
35.000	Kjötmarkaðurinn ehf
5.000	Krónan hf
2.000	Sláturfélag Suðurlands svf

Svínakjöt fyrir tímabilið júlí 2017 - júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
5.000	Ekran ehf.
200	Frú Lauga ehf
1.500	Garri ehf
40.000	Kjötmarkaðurinn ehf
17.300	Sláturfélag Suðurlands svf

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

Kinda- og geitakjöt fyrir tímabilið júlí 2017 - júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
15.000	Ekran ehf

Alifuglakjöt fyrir tímabilið júlí 2017 - júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
55.000	Aðföng
4.000	Nautica ehf

Smjör fyrir tímabilið júlí 2017 - júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
3.000	Aðföng
3.000	Ekran ehf.
5.000	Krónan ehf
8.000	Nautica ehf

Ostur fyrir tímabilið júlí 2017 - júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
60.000	Aðföng hf
20.000	Ekran ehf
1.000	Frú Lauga ehf
2.800	Garri ehf
30.000	Innnes hf
4.000	KFC ehf
1.200	Mjólkursamsalan ehf

Fuglsegg fyrir tímabilið júlí 2017 - júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
15.000	Ekran ehf
1.000	Krónan ehf
36.000	Nautica ehf

Unnar kjötvörur fyrir tímabilið júlí 2017 - júní 2018

Magn (kg)	Tilboðsgjafi
1.000	Aðföng
55.000	Innnes ehf
5.000	KFC ehf
5.000	Krónan ehf
8.000	Nautica ehf
12.000	Parlogis ehf

5. Tekin voru fyrir drög að reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á útiræktuðu grænmeti.

Með vísan til 5. gr. laga nr. 160/2012 um breytingar á búvörulögum og tollalögum, sendir ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magntollar
Tollskrárnúmer.:			kg	%	kr./kg
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.07.-06.08.17	ótilgr.	0	0
0704.9001	Hvítkál	01.07.-03.09.17	ótilgr.	0	0
0704.9002	Rauðkál	01.07.-17.09.17	ótilgr.	0	0
0704.9003	Kínakál	01.07.-10.07.17	ótilgr.	0	0
0704.9004	Spergilkál (Brassica oleracea var. italica)	01.07.-31.12.17	ótilgr.	0	0
0706.1000	Gulrætur og næpur	01.07.-10.09.17	ótilgr.	0	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-03.09.17	ótilgr.	0	0

Ráðgjafanefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara.

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndum tímabilum og eftir tegundum á útiræktuðu grænmeti en byggt er aðallega á reynslu undanfarinna ára og þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.